



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2015

Lénið kexhotel.is

I.

Erindið

Með bréfi Kex Hostel ehf., dags. 6. janúar 2015, er kvartað yfir notkun Þorsteins Steingrímssonar og Álftavatns ehf. á léninu kexhotel.is og þess krafist að öll notkun lénsins verði bönnuð og þeim gert að afskrá það. Þá er þess krafist að lagðar verði sektir á Þorstein og Álftavatn hlíti þeir ekki banninu.

Kex Hostel hafi rekið gistiheimili undir nafninu Kex Hostel við Skúlagötu frá árinu 2011. Gistiheimilið og tengd starfsemi þess, auðkennd með forskeytinu Kex (til dæmis Kexland), hafi vakið mikla athygli innanlands sem utan og skipi stóran sess í ferðaþjónustu í Reykjavík. Kex Hostel sé eigandi að léninu kexhostel.is og vörumerkjanna KEXLAND, KEX HOSTEL og KEX. Nýlega hafi Kex Hostel orðið þess áskynja að Þorsteinn og Álftavatn væru að nota lénið kexhotel.is til að markaðssetja gistiheimilið HOSTEL B47. Umrætt gistiheimili sé staðsett á Barónsstíg og sé í eigu Álftavatns sem sé félag í eigu Þorsteins. Þorsteinn sé einn skráður eigandi lénsins kexhotel.is. Samkvæmt skráningarskrírteini ISNIC hafi hann verið eigandi lénsins frá 5. mars 2013. Með bréfi, dags. 8. desember 2014, hafi Kex Hostel farið þess á leit við Þorstein og Álftavatn að þeir hætti notkun á léninu kexhotel.is. Þeir hafi svarað með tveimur bréfum, dags. 11. og 19. desember 2014, þar sem hafnað hafi verið kröfu Kex Hostel um að láta af notkun lénsins.

Byggt sé á því að háttsemi Þorsteins og Álftavatns feli í sér óréttmæta viðskiptahætti samkvæmt 5. gr., 14. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá hafi Þorsteinn og Álftavatn jafnframt brotið gegn vörumerkjarétti Kex Hostel sem njóti verndar samkvæmt 4. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Þá sé byggt á því að vörumerkjarétturinn hafi stofnast um vörumerkið KEX HOSTEL fyrir notkun samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997.



Notkun Kex Hostel á vörumerkinu hafi hafist árið 2010. Um notkun Kex Hostel á vörumerkinu megi einkum vísa til þriggja atriða. Í fyrsta lagi hafi Kex Hostel notað vörumerkið í atvinnurekstri sínum frá stofnun félagsins. Vörumerkið sé skráð firmaheiti Kex Hostel og hafi skráning þess verið birt í Lögbirtingarblaði þann 2. nóvember 2010. Í öðru lagi hafi Kex Hostel skráð og hafið notkun á léninu kexhostel.is þann 29. september 2010. Í þriðja lagi hafi Kex Hostel markaðssett vörumerkið á opinberum vettvangi frá því það hóf eiginlegan rekstur á gistiheimilinu um mitt árið 2011. Hér megi t.d. vísa til facebook síðu Kex Hostel. Á henni megi glögglega sjá hvernig markaðssetningu vörumerkisins hafi verið háttað frá upphafi og þá athygli og umfjöllun sem starfsemi Kex Hostel hafi fengið á innlendum og erlendum vettvangi á grundvelli þess.

Vörumerkið KEX HOSTEL og önnur sambærileg merki Kex Hostel hafi verið formlega skráð hjá Einkaleyfastofu þann 21. mars 2013. Með skráningu vörumerkjanna staðfesti Einkaleyfastofa sérkenni þeirra, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1997 og skráningarhæfi þeirra að öðru leyti. Kex Hostel bendi á að skráning orðmerkis hjá Einkaleyfastofu veiti ríkan einkarétt til notkunar orðs í tengslum við þá tilteknu vöru eða þjónustu sem merki sé ætlað að auðkenna. Vörumerki Kex Hostel séu meðal annars skráð í flokk 43 í vörumerkjaskrá en í þann flokk falli m.a. tímabundin gistipjónusta, veitingapjónusta, o.fl.

Kex Hostel byggi á að líkindi með vörumerki félagsins og léni Þorsteins og Álftavatns séu slík að notkun Þorsteins og Álftavatns á léninu feli í sér brot á 5. gr., 14. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Kex Hostel telji að notkun Þorsteins og Álftavatns á orðinu KEX í léni hafi grundvallarþýðingu í málinu. Orðið sé ekki lýsandi fyrir þá þjónustu sem þeir veiti en sé aftur á móti höfuðeinkenni og skráð vörumerki Kex Hostel. Notkun þeirra á orðinu HOTEL í léni sé ekki til þess fallin að að veita léninu nægilegt sérkenni. Með notkuninni séu Þorsteinn og Álftavatn með óréttmætum og ósanngjörnum hætti að hagnýta sér orðstír vörumerkis Kex Hostel.

Kex Hostel telji ljóst að Þorsteinn og Álftavatn hafi haft vitneskju um rekstur og vörumerki Kex Hostel þegar þeir hafi byrjað notkun á léninu kexhotel.is. Jafnframt þyki Kex Hostel einsýnt að tilgangur Þorsteins og Álftavatns með notkun lénsins sé einungis að villa um fyrir neytendum og hagnýta sér góðan orðstír starfsemi og vörumerkis Kex Hostel. Enda skapi notkun Þorsteins og Álftavatns á léninu augljósa ruglingshættu á milli starfsemi þeirra og þjónustu Kex Hostel. Aðilar starfi á sama markaði og séu keppinautar á sama markaðssvæði í miðbæ Reykjavíkur. Kex Hostel bendi á að stór hluti viðskiptavina séu erlendir neytendur, sem séu sérstaklega berskjaldaðir gagnvart villandi upplýsingum af þessu tagi.

Málatilbúnaði til frekari rökstuðnings sé vísað til dóms Hæstaréttar frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2013 og nýlegra ákvarðana Neytendastofu í málum nr. 6/2013 og 58/2014. Kex Hostel telji



að þessar úrlausnir hafi fordæmisgildi í málinu og veiti Neytendastofu ákveðnar leiðbeiningar um úrlausn málsins.

Með vísan til þessa telji Kex Hostel ljóst að notkun Þorsteins og Álftavatns á léninu feli í sér óréttmæta viðskiptahætti og brot gegn 5. gr. 14. gr. og 15. gr. a. laga. nr. 57/2005. Gerð sé sú krafa að Neytendastofa banni Þorsteini og Álftavatni alla notkun á léninu kexhotel.is og geri þeim að afskrá það. Þá sé þess krafist að sektir verði lagðar á Þorstein og Álftavatn hlíti þeir ekki banninu. Þá sé þess óskað að málinu verði hraðað eins og frekast sé unnt, enda sé hagnýtinging á léninu fallin til þess að valda Kex Hostel og neytendum tjóni á hverjum degi sem líður á meðan á henni stendur.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Kex Hostel var sent Þorstein og Álftavatni til umsagnar með bréfum Neytendastofu, dags. 12. janúar 2015. Engin svör bárust. Með bréfum, dags. 22. janúar 2015 til Þorsteins og Álftavatns ítrekaði Neytendastofa umsagnarbeiðni. Svar Þorsteins og Álftavatns barst með bréfi dags. 26. janúar 2015. Í bréfi Þorsteins og Álftavatns kom fram að fyrirsvarsmaður Álftavatns væri erlendis og af þeim sökum væri óskað eftir fresti til andsvara.

Með bréfi dags. 19. febrúar 2015 bárust efnislegar athugasemdir Þorsteins og Álftavatns. Í bréfinu kemur fram að þess sé aðallega krafist að Neytendastofa vísi frá kvörtun Kex Hostel en til vara að kröfum Kex Hostel verði alfarið hafnað.

Álftavatn reki hótél í glæsilegum hýsakynnum sínum að Barónsstíg 47, Reykjavík en reki þar einnig í minna umfangi svonefnt hostel og guesthouse. Fyrirsvarsmaður Álftavatns sé Þorsteinn. Þorsteinn og Álftavatn hafi skráð lénid kexhotel.is þann 5. mars. 2013, en þá hafi Álftavatn rekið hótelpjónustu og aðra gistipjónustu um nokkurt skeið. Kex Hostel hafi hins vegar 16 dögum síðar, eða þann 21. mars 2013, sótt um skráningu þriggja vörumerkja sér til handa, nr. 478/2013, KEX, nr. 479/2013 KEX HOSTEL og nr. 480/2013, KEXLAND. Skráning vörumerkjanna hafi síðan verið birt 15. júní 2013 eða um 84 dögum eftir að Álftavatn og Þorsteinn hafi skráð lén sitt. Hjá vörumerkjaskrá hafi löngu fyrr verið skráð eftirtalin vörumerki með upphafsstöfunum KEX: KEXSMÍÐJAN, KEXGARD, KEXPOINT og KEXROLT.

Kex Hostel virðist reka svonefnt hostel í Reykjavík, sem talið sé vera lægsta stig gistipjónustu. Kex Hostel vilji nú með atbeina Neytendastofu fá komið í veg fyrir að Þorsteinn og Álftavatn noti réttmætt lén sitt. Þorsteinn og Álftavatn hafni öllum málsástæðum Kex Hostel svo og öllum rökstuðningi og lagarökum.



Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997, verði talið að vörumerkjaréttur Þorsteins og Álftavatns hafi stofnast fyrir notkun áður en Kex Hostel hafi skráð þrjú ofangreind vörumerki sín. Réttur Þorsteins og Álftavatns gangi því framur rétti Kex Hostels þar sem hann sé eldri, sbr. 7. gr. laga nr. 45/1997. Ljóst sé að vörumerkjaréttur hafi stofnast eigi síðar en 5. mars 2013, er þeir hafi skráð lén sitt kexhotel.is. Beiðni Kex Hostel um skráningu þriggja vörumerkjanna 16 dögum síðar hafi því augljóslega verið til þess gerð, meðal annars að undirbúa hindrun þess að Þorsteinn og Álftavatn gætu notað lén sitt.

Í vörumerkjarétti Þorsteins og Álftavatns felist það meðal annars samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997 að Kex Hostel hafi verið óheimilt að nota í sínum atvinnurekstri, án leyfis Þorsteins og Álftavatns, vörumerkið KEXHOTEL eða önnur svipuð vörumerki, t.d. KEX HOSTEL, sem gætu að örökstuddu álitu Kex Hostel valdið misskilningi hjá neytendum.

Skráningarbeiðni Kex Hostel hafi verið andstæð 1. mgr. 13. gr. laga nr. 45/1997 þar sem það skilyrði hafi ekki verið uppfyllt, að vörumerkin hafi verið til þess fallin að greina þjónustu Kex Hostel frá þjónustu Þorsteins og Álftavatns. Þvert á móti feli skráningin í sér hið gagnstæða.

Að því er varði ákvæði laga nr. 57/2005 þá lúti þau hins vegar einkum að neytendavernd og setji ýmsar reglur þar um. Með 5. gr. laganna séu bannaðir svonefndir „óréttmætir viðskiptahættir“ með vísun til III.-V. kafla laganna um nánari skilgreiningar á því hvað óréttmætt sé. Ákvæði III. og V. kafla laganna lúti beint og eingöngu að hagsmunum neytenda meðan í V. kafla laganna sé hins vegar vikið að nokkrum atriðum í samskiptum fyrirtækja á sviði samkeppni, en undirtónninn þar sé engu að síður hinn sami og í III. og IV. kafla laganna sem og í lögnum í heild, þ.e. að veita neytendum vernd í viðskiptalífínu.

Kex Hostel vísi einnig til 14. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þorsteinn og Álftavatn mótmæli því að þeir hafi beitt slíkum aðferðum sem 14. gr. laganna bannar. Þeir hafi stofnað lén sitt í góðri trú, enda hafi þá KEX heitið ekki verið til í vörumerkjaskrá um líka þjónustu. Kex Hostel hafi hins vegar brotið gegn 14. gr. með því að óska skráningar vörumerkja sinna eftir að Þorsteinn og Álftavatn hafi um skeið rekið hótél sitt og aðra gistiþjónustu svo og stofnað þann 5. mars 2013 lénið kexhotel.is. Þorsteinn og Álftavatn telji Kex Hostel hafa vitað um lénið áður en þeir hafi sent vörumerkjaskrá skráningarbeiðnir sínar. Þá telji þeir jafnframt að vörumerkjaskrá hafi verið með öllu óheimilt að skrá sérstaklega nafnorðið KEX eitt og sér þar sem það hafi a.m.k. brotið gegn eldri rétthöfum. Vörumerkjaskrá beri því að afmá skráningu sína ex officio.

Þótt Kex Hostel hafi eftir atvikum gengið á rétt Þorsteins og Álftavatns með skráningu vörumerkja sinna 16 dögum eftir að þeir hafi öðlast fyrir notkun vörumerkjarétt á heitinu KEXHOTEL og rétt til að halda úti léni sínu, telji Þorsteinn og Álftavatn enga hættu á að neytendur rugli þessum skráningum saman, þ.e. kexhotel.is og KEX HOSTEL.



Neytendur þekki vel muninn á þessu tvennu og ekki síst erlendir ferðamenn. Neytendur viti það mæta vel að HOSTEL vísi til íburðarlausrar og afar einfaldrar gístaðstöðu með litlum eða engum þægindum, oft í lélegum húsakynnum, þar sem margir gestir sofi í kojum í sama herbergi, meðan hotel vísi á hinn bóginn til þess gagnstæða, sem sé þá oftast líka dýrari valkostur. Millistig í einfaldri flokkun gístaðstöðu sé svonefnt guesthouse, þar sem boðið sé upp á eitt tvíbreitt rúm og mögulega kojum til viðbótar fyrir börn í fjölskylduherbergi.

Af framlögðum tölvupóstsamskiptum Þorsteins við fyrirtækið Tölvukerfi ehf., hýsingaraðila lénsins kexhotel.is, sjáist að þann 16. febrúar 2015 hafi alls engin umferð verið inn á lénið kexhotel.is né önnur þar tilgreind lén Þorsteins eða Álftavatns. Það sanni að málsástæða Kex Hostel um að lénið kexhotel.is valdi ruglingi hjá neytendum og þá einkum erlendum, eigi við engin rök að styðjast. Þessi málsástæða sé því fleipur eitt.

15. gr. a. laga nr. 57/2005 virðist fráleitt standa því í vegi að Þorsteinn og Álftavatn haldi úti léni sínu. Ákvæði 2. málsl. greinarinnar hamli ekki notkun Þorsteins og Álftavatns á léni sínu og vörumerki, ákvæðið virðist fremur snúa að gjörð Kex Hostel. Kvörtunin sé því þegar af þeirri ástæðu gjörsamlega að ófyrirsynju. Ekki verði séð að tilvitnaður dómur Hæstaréttar nýtist Kex Hostel sem fordæmi eða leiðbeining fyrir Neytendastofu við ákvörðunatöku í málinu. Þorsteinn og Álftavatn telji aftur á móti að ákvörðun Neytendastofu nr. 56/2014 hafi nokkurt leiðsagnargildi fyrir úrlausn ágreinings aðila. Þorsteinn og Álftavatn hafi í bréfi til Kex Hostel boðið fram atbeina sinn til sátta um ágreininginn. Viðbrögð Kex Hostel hafi verið þau ein að senda mál þetta til Neytendastofu.

2.

Bréf Þorsteins og Álftavatns var sent Kex Hostel til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. febrúar 2015. Svar barst með bréfi Kex Hostel, dags. 27. febrúar 2015. Kex Hostel telji að brot Þorsteins og Álftavatns séu augljós og sjónarmið þeirra haldlaus. Engu að síður telji Kex Hostel rétt að koma á framfæri stuttum athugasemdum. Máltilbúnaður Þorsteins og Álftavatns byggir í meginráttum á tvennum röksemdum. Hvorug þeirra standist og báðar séu með nokkrum ólíkindum. Fyrri röksemdin sé að Þorsteinn og Álftavatn séu rétthafar vörumerkisins KEX HOTEL. Því hafi skráning vörumerkja Kex Hostel hjá Einkaleyfastofu brotið gegn rétti þeirra. Síðari röksemdin sé hins vegar sú að ekki sé ruglingshætta á milli léns og vörumerkja Kex Hostel.

Bent sé á að milli röksemdanna innbyrðis felist auðvitað ákveðin þversögn. Enda almennt ekki um brot á vörumerkjarétti að ræða ef ruglingshætta er ekki til staðar á milli vörumerkja. Þrátt fyrir þessa annmarka vilji Kex Hostel stuttlega útskýra hvers vegna hvorug röksemd eigi við í málinu.



Í fyrsta lagi sé ótvírætt og óumdeilt að Kex Hostel hafi byrjað notkun á vörumerki sínu áður en Þorsteinn og Álftavatn hafi skráð og hafið notkun á umræddu léni. Ekki leiki neinn vafi á að þetta hafi skapað lögverndaðan vörumerkjarétt Kex Hostel. Að öðrum kosti hefðu réttindin ekki fengist skráð hjá Einkaleyfastofu. Í öðru lagi sé einnig óumdeilt að Þorsteinn og Álftavatn starfræki hostel en ekki hótél og noti lénið til að auglýsa það. Það hafi því enga þýðingu fyrir þetta mál hvaða greinarmun neytendur kunni að gera á milli orðanna hostel og hótél. Skrif Þorsteins og Álftavatns um þetta veki nokkra furðu. Í þriðja lagi hafi fullyrðing Þorsteins og Álftavatns um að engin umferð hafi verið á heimasíðu þeirra fyrri hluta dags 16. febrúar 2015 ekki hagnýta þýðingu við úrlausn málsins. Gjalda beri varhug við málalíbúnaðinum að þessu leyti. Í fjórða lagi mótmæli Kex Hostel því að ákvörðun nr. 56/2014 hafi leiðsagnargildi í málinu. Orðið KEX sé ekki lýsandi fyrir starfsemi aðila auk þess sem vörumerki Kex Hostel hafi þegar verið skráð hjá Einkaleyfastofu.

3.

Bréf Kex Hostel, dags. 27. febrúar 2015 var sent Þorsteini og Álftavatni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. mars 2014. Svar Þorsteins og Álftavatns barst með bréfi, dags. 12. mars 2015. Þar kemur fram að Þorsteinn og Álftavatn telji engu máli skipta fyrir málið hvernig skilningur eða misskilningur Kex Hostel sé vaxinn. Sum gagnrýni Kex Hostel og röksemdafærsla sé vægt sagt mjög torskilin.

Í fyrsta lið athugasemda Kex Hostel álykti félagið svo að réttindi félagsins hefðu ekki fengist skráð hjá Einkaleyfastofu, ef ekki hefði verið um fyrirfarandi notkun þess á óskráðu vörumerki að ræða. Þorsteinn og Álftavatn telji þessa röksemdafærslu hæpin spávísindi. Í öðrum liðnum staðhæfi Kex Hostel og segi óumdeilt að aðilar „starfræki hostel en ekki hótél og noti lénið til að auglýsa það“. Hér kjósi Kex Hostel, eftir atvikum gegn betri vitund, að afneita því að Þorsteinn og Álftavatn sé með hótélrekstur að Barónsstíg 47. Yfirlýsing Kex Hostel um sína eigin furðu, hafi enga réttarlega þýðingu og enn síður þegar furða félagsins stafi af því að félagið hafi sjálft farið fram með rangar staðhæfingar. Í þriðja liðnum kjósi Kex Hostel að hártoga orðalagið í athugasemdum Þorsteins og Álftavatns frá 18. febrúar s.l., að „... af meðfylgjandi tölvupóstsamskiptum umbj. míns, Þorsteins við fyrirtækið Tölvukerfi ehf., hýsingaraðila lénsins KEXHOTEL.IS, sést að þann 16. þ.m. hafði engin „umferð“ verið inn á lénið KEXHOTEL.IS né önnur þar tilgreind lén umbj. minna.“

Í fylgigögnum bréfsins komi skýrt fram frá Tölvukerfi ehf., að þarna sé rætt um „umferð“ frá upphafi og fram til 16. febrúar 2015. Haldi Kex Hostel því svo fram við Neytendastofu að þarna sé átt við „umferðina“ þennan eina dag, þ.e. 16. febrúar 2015. Í þessu opinberi Kex Hostel afflutning á staðreyndum, sem vonandi stafi af mistökum hans en ekki ásetningi um að blekkja Neytendastofu.



Í fjórða liðnum mótmæli Kex Hostel því að ákvörðun nr. 56/2014 hafi leiðsagnargildi fyrir málið. Þorsteinn og Álftavatn séu á öndverðri skoðun og árétti sjónarmið sín. Orðið KEX sé vissulega ekki lýsandi fyrir þjónustu aðilanna, en áréttað skuli, að skráning hins almenna orðs, KEX, hjá Einkaleyfastofu svo og önnur KEX orð Kex Hostel hafi fengist skráð þvert ofan í miklu eldri KEX skráningar annarra. Einkum veki skráning staka orðsins KEX efasemdir um að Einkaleyfastofu hafi verið sú skráning heimil og telji Þorsteinn og Álftavatn að Einkaleyfastofu beri að fella niður þá skráningu ex officio. Að lokum sé áréttað að lénið kexhotel.is hafi verið stofnað 16 dögum áður en Kex Hostel óskaði eftir skráningu vörumerkja sinna.

4.

Bréf Þorsteins og Álftavatns var sent Kex Hostel til upplýsingar með bréfi dags. 17. mars 2015 og aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Kex Hostel ehf. yfir notkun Þorsteins Steingrímssonar og Álftavatns ehf. á léninu kexhotel.is til auðkenningar á starfsemi Álftavatns. Kex Hostel eigi skráð firmaheiti, vörumerkin KEX, KEX HOSTEL og KEXLAND ásamt því að eiga skráð lénið kexhotel.is. Ruglingshætta sé með lénunum og þess sé krafist að Neytendastofa banni notkun þess og geri Þorsteini og Álftavatni að afskrá lénið.

Þorsteinn og Álftavatn hafna málsástæðum Kex Hostel. Skráning Þorsteins og Álftavatns á léninu sé eldri en vörumerkjaréttur Kex Hostel og því hafi Einkaleyfastofu verið óheimilt að skrá vörumerki Kex Hostel. Engin hætta sé á því að neytendur rugli saman hosteli og hóteli auk þess sem engin umferð sé um lénið kexhotel.is. Þá sé engin ruglingshætta með auðkennunum.

Í erindum sínum hafa aðilar vísað til 5. gr., 14. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru



brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Upplýsingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar um stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.



Kex Hostel hefur frá 1. desember 2010 haft skráð firmanafnið Kex Hostel ehf. Þá fékk félagið skráð lénið kexhostel.is hjá ISNIC lénaskrá þann 29. september 2010. Ekki verður annað séð en að Kex Hostel hafi notað lénið, myndmerki sitt og heitið Kex Hostel með samfelldum hætti, a.m.k. frá miðju ári 2011, til auðkenningar á starfsemi sinni. Kex Hostel fékk skráð vörumerkin nr. 478/2013, KEX, nr. 479/2013 KEX HOSTEL og nr. 480/2013, KEXLAND hjá Einkaleyfastofu þann 31. maí 2013, samkvæmt umsókn, dags. 21. mars sama ár.

Þorsteinn hefur frá 5. mars 2013 haft skráð lénið kexhotel.is hjá ISNIC lénaskrá. Er lénið notað til þess að beina notendum inn á lénið hostelb47.is sem hýsir vefsíðu B47 Hostel sem rekið er af Álftavatni.

Samkvæmt ensk-íslenskri orðabók þýðir orðið hostel gististaður, einkum fyrir ungt ferðafólk eða farfuglaheimili. Ljóst er að Kex Hostel rekur gististað undir heitinu Kex Hostel að Skúlagötu 28 í Reykjavík. Á vefsíðu gististaðarins kemur fram að um hostel sé að ræða. Félagið hefur ÍSAT atvinnugreinaflokkunina 55.10.1 Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu. Þá er ljóst að Álftavatn rekur einnig gististað undir heitinu Hostel B47 að Barónsstíg 47 í Reykjavík. Á vefsíðu gististaðarins kemur fram að um hostel sé að ræða. Félagið hefur ÍSAT atvinnugreinaflokkunina 68.20.1 leiga íbúðarhúsnæðis og 55.10.1 Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu. Upplýsingar á vefsíðum beggja aðila eru á ensku og virðist markaðssetningu a.m.k. beint að erlendum ferðamönnum. Að þessu virtu telur Neytendastofa ótvírætt að aðilar máls eru keppinautar á sama markaði og starfa á sama markaðssvæði. Kemur því næst til skoðunar hvort skráning og notkun Þorsteins og Álftavatns á léninu kexhotel.is geti valdið ruglingshættu milli aðila.

Auðkenni aðila máls eru samsett heiti. Bæði heiti eru samsett úr íslenska orðinu Kex sem þýðir þurr, stökk og þunn lítil kaka og annars vegar enska orðinu hotel og hins vegar enska orðinu hostel. Neytendastofa telur að orðið Kex ljái hinum samsettu heitum talsvert sérkenni og eru heitin ekki lýsandi fyrir starfseminu. Afar mikil líkindi eru með heitunum þar sem eingöngu bókstafurinn s skilur þau að.

Fyrir liggur í málinu að Þorsteinn hafi í mars 2013 skráð lénið kexhotel.is og heimilað Álftavatni notkun þess í því skyni að beina neytendum með sjálfvirkum hætti inn á lénið hostelb47.is, sem geymir vefsíðu B47 Hostel. Tengsl Álftavatns eða Þorsteins við heitið Kex Hotel eru engin. Hvorki Þorsteinn né Álftavatn nota heitið Kex Hotel til auðkenningar á starfsemi B47 Hostel að öðru leyti en að framan greinir og er heitið nær samhljóða nafni á keppinauti félagsins. Hlaut Þorsteini og Álftavatni að vera ljóst að framangreind notkun lénsins kynni að brjóta í bága við einkarétt keppinautarins til firmanafnsins Kex Hostel ehf. og lénsins kexhostel.is. Telur Neytendastofa að háttsemin valdi ruglingshættu milli aðila. Með framangreindri skráningu og



notkun sinni á léninu kexhotel.is hafa Þorsteinn og Álftavatn því brotið gegn 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Háttsemi Þorsteins og Álftavatns felur að mati Neytendastofu ekki í sér upplýsingagjöf í skilningi 14. gr. laga nr. 57/2005. Þegar af þeim sökum kemur ekki til frekari skoðunar hvort um brot gegn því ákvæði sé að ræða.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Þorsteinn Steingrímsson, Jökulgrunni 23, Reykjavík, hefur með skráningu og notkun lénsins kexhotel.is brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Álftavatn ehf., Jökulgrunni 23, Reykjavík hefur með notkun lénsins kexhotel.is til markaðssetningar á starfsemi sinni brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/205, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Álftavatni ehf. og Þorsteini Steingrímssyni, bönnuð öll notkun lénsins kexhotel.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Skal Þorsteinn Steingrímsson innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC lénaskrá. Verði ekki farið að ákvörðun þessari má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 31. mars 2015

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir